

Nd.

568. Frumvarp til laga

[186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til kaupa á nýjum dieseltogara fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar eða félag, sem stofnað verður í kaupstaðnum um rekstur togarans. Ábyrgð má veita fyrir allt að 85% af kostnaðarverði skipsins, þó eigi fyrir meiri fjárhæð en 8,5 milljónum króna.

Ef bæjarsjóður verður eigi kaupandi, heldur sérstakt félag, er áskilið, að bæjarsjóður sé í sjálfskuldarábyrgð gagnvart ríkissjóði fyrir skuldbindingum þeim, er ríkissjóður tekst á hendur fyrir félagið.

Auk þess, sem að framan greinir, er ábyrgðin háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, strandaði togarinn Egill rauði frá Neskaupstað snemma á þessu ári og eyðilagðist gersamlega. Var þetta mikið áfall fyrir atvinnulíf allt í Neskaupstað, þar sem allur þorri manna á afkomu sína undir útgerð þeirri, sem þaðan er rekin. Er augljóst að ráðstafanir verður að gera til úrbóta, ef afkoma manna í kaupstaðnum á ekki að bíða varanlegan hnekki.

Ríkisstjórnin hefur því, að athuguðu máli, talið nauðsynlegt að hlaupa undir bagga, og fer því með þessu frv. fram á heimild Alþingis til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa á nýjum togara, sem gerður verði út frá Neskaupstað.